

## 16. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði þriðjudaginn 5. apríl 2016 og hófst kl. 16:00

### Mætt eru:

Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, María Guðmundsdóttir, Bylgja Sigurgeirsdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali.

Kynntar voru niðurstöður samræmdra prófa.

Niðurstöður skólapúlsins – nemendakönnun á haustönn

Helstu punktar úr skólastarfinu;

- Allt starfsfólk fór í skólaheimsókn í Brúarás í haust.
- Hafa verið skóli á grænni grein og skólastjórinn fór á fund í október í Brúarás.
- Miðstig fór á ball í Brúarási 19.nóvember.
- Haldið var uppá 30. ára afmæli skólans 27.nóvember. Veðrið var leiðinlegt en skemmtunin vel heppnuð. Tónlistaratriði, söngur og veitingar í boði foreldra. Ísfélagið gaf peningagjöf sem nýtt var til kaupa á tækjum til náttúrufræðikennslu.
- Nemendur í 9.-10.bekk fóru í skólaheimsókn í MA, VMA og Lauga í nóvember og gistu á Laugum.
- Í desember voru tónleikar og piparkökustreytingar með foreldrum.
- Litlu jól voru haldin sem kvöldskemmtun þar sem nemendur, kennarar og foreldrar borðuðu saman og fóru í leiki.
- Vinnustofuskil voru í nóvember þar sem nemendur kynntu verkefni sín.
- Unglingastigið fór í ferð til Hollands í janúar. Mjög skemmtileg og vel heppnuð ferð þar sem þau hittu nemendur frá Hollandi, Rúmeníu og Póllandi.
- Námsmat var í janúar og foreldraviðtöl í febrúar og mars.
- Tveir nemendur fóru og spiluðu á Nótunni og einn nemandi tók þátt í Skólahreysti.
- Tónlistarmaræþon var haldið þar sem nemendur spiluðu í sólarhring, söfnuðu áheitum fyrir 130 þúsundum sem nýtt verða til kaupa á hljóðfærum.



Langanesbyggð

- Fleiri viðburðir voru í skólanum s.s. þorrablót, bolludagur, öskudagur, slökkviliðsheimsókn, kynning frá Laugaskóla,

Einn kennari er í vettvangsnámi og gerir lokaverkefni í jarðfræði og upplýsingatækni.

Byrjað er að setja upp Litlu gulu hænuna með aðstoð tónlistarkennarans og einnig mun leikari koma og hjálpa til með æfingar.

Margt spennandi framundan næsta vetur varðandi samstarfsverkefni, s.s. Nordplus, Erasmus, kennaraferð Langanesbyggðar og Hollandssamstarf.

## 2. Leikskóli Bakkafjarðar

Fjögur börn hafa verið í vetur. Starfsmaður hætti 23. október og leystu starfsmenn grunnskólans að passa þau alveg fram í lok janúar. Ewa Kotowska hefur verið ráðin leiðbeinandi tímabundið. Samþykkt samhljóða.

Gera þarf ráðstafanir vegna komandi sumars svo starfsmaður leikskólans verði ekki einn í húsinu eftir að grunnskóla lýkur að vori þar til leikskólinn kemur til með að fara í sumarleyfi.

## 3. Gátlisti fræðslunefndar

Farið yfir gátlista um ábyrgð skólanefnda og lagalega eftirlitsþætti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:35